

Fundargerð 21.11.2024

Mætt voru: Ellý Erlingsdóttir og Linda Ösp Grétarsdóttir fulltrúar kennara, Elísa Ósk Línadóttir fulltrúi foreldra, Steinunn Þorsteinsdóttir fulltrúi starfsfólks, María Pálmadóttir stýrði fundi og Margrét Ólöf aðstoðarskólastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundarins:

Starfs- og fundaaætlun skólaráðs.

- María fór yfir Starfsáætlun skólaráðs og skipulagðir voru fundir vetrarins.

Verkefni vetrarins.

- María fór yfir stöðu á framkvæmdum í skólanum. Þakviðgerðin er að vera búin. Iðnaðarmenn eru að ljúka við lokaáfangana en það er eftir talsverð frágangsvinna.
- Það vantar enn umsjónarkennara í 5.bekk en þroskaþjálfari hefur verið í því hlutverki í haust. Það hefur haft áhrif á stoðþjónustuna. Einnig vantar enn deildarstjóra UT og deildarstjóra á yngsta stigs eftir áramót.
- Haustfundir gengu mjög vel og voru vel sóttir af foreldrum.
- Að sögn kennara hefur símabannið gengið mjög vel. Það hefur verið samstaða um þetta mál í foreldrahópnum. Nemendur sem brjóta símaregluna fara á símasamning sem nemendur og foreldrar skrifa undir. Ef nemendur eru í símanum eftir að búið er að gera samning er síminn geymdur á skrifstofu skólans. Foreldrarnir sækja símann þangað. Skólabragurinn hefur að sögn kennara batnað mjög mikið við símabannið.
- Í vetur verður unnið markvisst eftir stoðunum í stefnu skólans. Einnig verður lögð er áhersla á læsi og íslensku sem og námi og kennslu í öllum námsgreinum.
- Í vetur er gert ráð fyrir nemendasamtöl í stundatöflum hjá kennurum.
- Líðanfundur verða haldnir í öllum árgöngum
- Það hefur gengið mjög vel að fá bekkjarfulltrúa á þessu skólaári sem er mjög ánægjulegt.

Skólaráð

Skólanámskrá og starfsáætlun.

- Starfsáætlun og skólanámskráin er á heimasíðunni. María fór yfir helstu áherslupætti vetrarins.

Þróunarstarf, teymi og vinnuhópar.

- María fór yfir hvaða teymi verða starfandi á þessu skólaár er varða málefni skólans. Teyminn funda 1x í mánuði. Fyrsti fundur í teyimum verður 26. nóvember. María fór yfir að það er verið að bæta við PMTO grunnmenntun hjá skólaskrifstofunni.

Önnur mál.

Fundi slitið,
Margrét Ólög Jónsdóttir.